

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 18. janúar 2018, haldinn í síma og á skrifstofu FV, Árnagötu 2-4, Ísafirði, kl 15.30. Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Sigurður Hreinsson.**

**Formaður setti fundinn kynnti að Ingibjörg Emilsdóttir væri forfölluð og ekki hefði tekist að boða varamann í hennar stað, gengið til boðarar dagskrár;**

- 1. Fundargerð stjórnarfundar 15. desember 2017**
- 2. Brothætt byggð, Þingeyri.**
- 3. Lífeyrisskuldbinding, lífeyrissjóðurinn Brú**
- 4. Önnur mál**

### **1. Fundargerð stjórnarfundar 15. desember 2017**

Fundargerð sem áður var kynnt í tölvupósti lögð fram til staðfestingar. Formaður gerði tillögu um að fundargerð verði staðfest. Tillagan samþykkt.

### **2. Brothætt byggð, Þingeyri**

Formaður vísaði til samþykktar stjórnarfundar FV frá 19. október 2017 um frestun á skipan í verkefnastjórn og verkefnastjóra Brothætt byggð, Þingeyri. Málið væri nú tekið að nýju til umræðu og gerð tillaga um að skipa Aðalstein Óskarsson og nýjan framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu í verkefnastjórn og Línu Björgu Tryggvadóttur, verkefnastjóra í verkefninu. *Tillagan samþykkt.*

### **3. Uppgjör launagreiðenda við A deild Brú Lífeyrissjóðs, vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr 1./1997.**

Vísað til tölvupósta frá 5. og 6. janúar s.l. um uppgjör lífeyrisskuldbindingu og samning þess efnis og tölvupósta frá 15. janúar varðandi útreikning á iðgjöldum FV til lífeyrissjóðsins Brúar og tilkynning um frestun greiðslu uppgjors til 15. febrúar n.k.. Uppgjör lífeyrisskuldbindingar nemur kr. 5.703.008,- og skiptist í jafnvægisjóð kr 124.378,-, framlag í lífeyrisaukasjóð kr 5.036.760,- og framlag í varúðarsjóð kr 541.870,-. Greiðslufrestur er settur til 15. febrúar 2018.

Tillaga að bókun lögð fram til umræðu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga gagnrýnir hve skammur fyrirvari hefur verið gefin til uppgjors á þessum skuldbindingum og kynning á forsendum útreiknings á iðgjöldum. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að undirrita samkomulag um uppgjör við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga alls kr 5.703.008,-. Stjórn vísar tillögu um fjármögnun uppgjors til afgreiðslu endurskoðaðar fjárhagsáætlunar 2018 á 63. Fjórðungsþingi Vestfirðinga.

*Tillagan samþykkt*

#### 4. Önnur mál.

- a. Lagt fram bréf FV dags. 3. janúar s.l. *Tillaga að tímabundnum flutningi skrifstofu umhverfis og auðlindaráðherra til Vestfjarða* og efni fundar stjórnar Vestfjarðastofu sem haldinn var með umhverfisráðherra á Ísafirði þann 12. janúar s.l..
- b. Tillaga að dagsetningu 63. Fjórðungssambands Vestfirðinga.  
Tillaga lögð fram að 63. Fjórðungssambands Vestfirðinga verði haldið á norðanverðum Vestfjörðum, miðvikudaginn 18. apríl n.k. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa dagskrá þingsins og kynna aðildarsveitarfélögum.  
*Tillagan samþykkt*
- c. Flutningsmál raforku á Vestfjörðum. Skýrsla Landverndar um flutningsmál raforku á Vestfjörðum.  
Lögð fram til kynningar fréttatilkynning á vef Landverndar [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is) frá 10. janúar s.l., í tilefni útgáfu skýrslu Landverndar Jarðstrengir á Vestfjörðum (e. Comparison of Hight Voltage Cables Iceland). Í framhaldi fréttatilkynningar Landverndar setti Fjórðungssamband Vestfirðinga frétt á vef sambandsins [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is) þann 12. janúar. Rætt um efni máls og stjórn staðfestir efni fréttatilkynningar og samþykkir eftirfarandi bókun.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga stendur heilshugar á bak við öll þau áform sem styrkja innviði samfélags á Vestfjörðum. Þar með er talið virkjun Hvalár, að því gefnu að tenging hennar verði til þess að bæta raforkugæði á svæðinu.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00.